

Alþingi
Erindi nr. P 130/1846
komudagur 16.4.2004



Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Skrifstofan Grænási - 235 Keflavíkurflugvöllur
sími: 421 1795 - bréfsími: 421 5166 - tölvupóstur: dc@dc.is

Nefndasvið Alþingis
Fr. Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndaritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Keflavíkurflugvöllur 14. apríl 2004
Tilvísun: 2004030042
Bréfalykill: 0.1

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96 15.
maí 2002**

Meðfylgjandi sendist umsögn embættisins um framangreint frumvarp.

Jóhanna  *Sibborn*

The seal is circular with the text "SÝSLUMAÐURINN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI" around the perimeter and a central emblem.

Umsögn sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli um frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002

Núverandi útlendingalög tóku gildi sem kunnugt er þann 15. maí árið 2002. Nýju lögín voru mikil réttarbót frá eldri lögum sem voru að meginstofni til frá árinu 1965. Eðli máls samkvæmt hefur embættið á stærstu landamærastöð landsins þurft að beita nýju lögunum í ríkum mæli til að gæta laga og réttar. Allnokkrir hnökror hafa komið fram við framkvæmd nýju laganna eins og við mátti búast við setningu nýrra heildarlaga um jafn flókinn og viðkvæman málaflokk eins og málefni útlendinga eru. Það er því fagnaðarefni að dómsmálaráðuneytið skuli strax beita sér fyrir breytingum á lögunum til að bæta megi úr helstu ágöllum. Á sama tíma gefst tækifæri til að gera breytingar til samræmis við þá öru þróun sem er í þessum málaflokki en sem dæmi um slíkt má nefna að sum nágranna ríkja okkar hafa gert vörslu falsaðra skilríkja refsiverða.

Umsögn embættisins um lagafrumvarpið mun takmarkast við þá þætti sem snúa að starfsemi embættisins eða snerta þekkingargrundvöll starfsmanna embættisins:

Um 2. gr. ; Embættið hefur í samstarfi við lögregluna í Reykjavík rannsakað um nokkurt skeið hvort verið sé að fara á svig við útlendingalög og jafnvel hegningarlög þar sem að til hjúskapar væri stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfa hér á landi. Rannsókn embættanna hefur leitt í ljós að talsverð brögð séu að því að bæði Íslendingar og nýbúar séu með skipulögðum hætti að afla útlendingum dvalarleyfa og stofna til hjúskapar í þeim tilgangi. Embættið styður því eindregið framangreint ákvæði frumvarpsins, sem miðar að því að stemma stigu við því að unnt sé að fara í kringum ákvæði laganna með slíkum gerningi. Rétt er einnig að vekja athygli á því, sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins, að umrædd breyting verndar einnig þá hópa sem hættara er við þrýstingi eða misneytingu af einhverju tagi, gegn því að falbjóða sig til hjúskapar. Þetta ákvæði er mikilvægt og í því felst ákveðin mannréttindavernd. Hins vegar skal ekki fram hjá því litið að það er flókið að leita lausnar á því vandamáli sem ríki standa andspænis í tilvikum sem þessum en í frumvarpinu er lagt til, sem tekið er undir, að miðað sé við ákveðin aldursmörk, með sama hætti og Danir hafa gert.

Um 3. gr. ; Hér er um mikilvæga breytingu að ræða. Það hefur vantað skýrar reglur um það hversu lengi lögregla getur haldið útlendingi á landamærum til skoðunar. Hér er verið að lögfesta reglu sem er að mörgu leyti hliðstæð því sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Þessi réttarbót gefur lögreglu eðlilegt svigrúm til að rannsaka og síðan eftir atvikum að frávísa útlendingi ef aðstæður og lög krefja. Slíkt getur verið flókið í framkvæmd. Má til skýringar nefna að framkvæmd frávísunar miðast t.d. við það hvenær flug er til þess staðar sem útlendingur kom frá en í mörgum tilvikum þarf einnig framhaldsflug til að frávísa viðkomandi til síns heima. Þetta getur því verið tímafrekt og veitir þessi lagabreyting lögreglu eðlilegt svigrúm til að framkvæma frávísun. Rýmri tímamörk geta einnig lækkað tilkostnað við frávísunina því þá er hægt að leita hagstæðari flugfargjalda. Þetta getur komið bæði útlendingi og ríkissjóði til góða. Mikilvægt er að hafa í huga þegar viðkomandi breyting á lögunum er skoðuð

að viðkomandi útlendingi er yfirleitt frjálst að snúa aftur til þess staðar sem hann kom frá.

Um 7. gr.; Vísað er til þess sem hér að framan er sagt um 2. gr. frumvarpsins. Tekið er því undir það sjónarmið að leitarheimildir lögreglu séu styrktar hvað þennan þátt varðar. Einnig verður að teljast rökrétt að Útlendingastofnun geti krafist rannsóknar á erfðaefni, þ.e. DNA-rannsóknar, til að ganga úr skugga um að þau ættmenni sem sækja um dvalarleyfi, skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. laganna séu í raun ættmenni þess sem er hér búsettur. Það er mjög þekkt hjá nágrannaríkjum okkar að farið sé á svig við lög hvað þennan þátt varðar og ekki ástæða til að ætla annað en að slík brot hafi einnig verið framin hérlandis. Það er því eðlilegt að Útlendingastofnun hérlandis hafi umrædda heimild til að taka af allan vafa um sannleiksgildi þeirra upplýsinga sem fram koma á dvalarleyfisumsókn.

Um 15. gr. ; Mörg dæmi sanna að útlendingar sem verið er að færa úr landi séu borgunarmenn fyrir þeim kostnaði sem fellur á ríkissjóð vegna frávísunar eða brottvísunar þeirra úr landi. Því er fagnað að lögreglu sé veitt heimild til að leggja hald á fjármuni sem útlendingur kann að hafa meðferðis til að greiða kostnað við brottför og gæslu, þegar aðstæður augljóslega leyfa.

Um 16. gr. ; e og f-liðir 2. mgr. 57. gr.; Tekið er heilshugar undir þá breytingu sem hér er lögð til, þ.e.a.s. að ekki þurfi að sanna að brot sé framið í hagnaðarskyni heldur nægi stórfellt gáleysi til. Þessi breyting mun auðvelda lögreglu og ákærvaldi störf sín.

g-liður; Rökrétt framhald af því að það sé gert refsivert að reyna að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar til málamynda, sbr. framangreinda umfjöllun um þetta efni.

h-liður; Hér er um mikilvæga réttarbót að ræða, sem hjálpa mun lögreglu í baráttu sinni gegn mansali og smygli á fólki yfir landamæri og vísast þar nánar til athugasemda við 16. gr. frumvarpsins. Sá misskilningur hefur sést í gagnrýni á þessa grein frumvarpsins að umrædd grein sé brot á Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Svo er ekki. Hér er að sjálfsögðu ekki verið mæla fyrir refsingu gagnvart þeim hælisleitendum sem koma til landsins á fölsuðum skilríkjum og fá síðan skjól hér á landi, þ.e.a.s. er veitt hæli af mannúðarástæðum eða sem pólitískum flóttamönnum. Langstærsti hluti þeirra útlendinga sem ferðast með fölsuð ferðaskilríki eru ekki flóttamenn og miðar þessi breyting m.a. að því að leggja lögreglu frekari vopn í baráttu sinni við þau glæpagengi sem stunda smygl á fólki yfir landamæri og mansal.

3. mgr. 57. gr. Með því að fella út orðið “ í hagnaðarskyni” er verið að auðvelda að lögsækja þá brotamenn sem stunda smygl á fólki, sbr. nánar greinargerð frumvarpsins. Þessi breyting er meðal annars gerð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur hérlandis við að lögsækja þá brotamenn sem staðnir hafa verið af því að smygla fólki milli landa. Tekur breytingin m.a. mið af hliðstæðum ákvæðum nágrannaríkja okkar og er verið að breyta nefndu ákvæði til samræmis við breytingar sem þau ríki hafa gert. Einnig er lagt til í frumvarpinu að orðalagi greinarinnar verði breytt og í stað þess að “reka skipulagða” starfsemi nægir að “standa að” skipulagðri starfsemi. Núerandi orðalag lagagreinarinnar þykir of þröngt og er samkvæmt frumvarpinu um eðlilegri viðmiðun að ræða er kemur að því að refsa fyrir þátttöku í þessum brotum, þ.e.a.s. að það nægi að vera *þátttakandi* í skipulagðri starfsemi af þessu tagi en ekki nauðsynlega sá sem *rekur* starfsemina.